

Þátttaka í sjálfböðastarfi á Íslandi

Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Háskóla Íslands

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands

Útdráttur

Í greininni er fjallað um þátttöku Íslendinga í sjálfböðastarfi. Rannsóknin sem byggir á gagnasafni Evrópsku lífsgildakönnunarinnar (EVS) frá 1990-2010 er sett í samhengi við alþjóðlega fræðilega umræðu um sjálfböðaliða og þátttöku í sjálfböðastörfum. Um þriðjungur Íslendinga 18 ára og eldri tók þátt í sjálfböðastörfum 2009-2010, örlítið færri en 1990, 75% voru í félögum og er það svipað hlutfall og 1990. Flestir vinna fyrir íþrótt- og tómstundafélög og félagsaðild í þeim er einnig mest. Því næst koma velferðarfélög en hlutfallslega mest hefur dregið úr sjálfböðastörfum á sviði velferðarmála. Karlar eru mun líklegri en konur til að sinna sjálfböðastörfum hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum en í öðrum sjálfböðastörfum er ekki munur á kynjum. Algengara er að fólk eldra en 50 ára sinni sjálfböðastörfum en yngra fólk, sérstaklega fyrir velferðarfélög. Háskólamenntaðir eru líklegastir til að sinna sjálfböðastörfum. Staða á vinnumarkaði hefur áhrif hvort fólk vinnur sjálfböðastörf, sérstaklega meðal íþrótt- og æskulýðsfélaga. Gift fólk er í öllum tilvikum líklegra en aðrir hópar til að stunda sjálfböðastörf og þeir sem búa í dreifbýli eru einnig líklegri en þeir sem búa í þéttbýli til að sinna slíkum störfum. Niðurstöðurnar eru að meginstefnu sambærilegar niðurstöðum erlendra rannsókna og veita mikilvægar upplýsingar um þátttöku í sjálfböðastarfi á Íslandi og þróun hennar í alþjóðlegu samhengi.

Efnisorð: Sjálfböðaliðar; sjálfböðastörf; félagasamtök.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 10, Issue 2(425-442)

© 2014 Contacts: Steinunn Hrafnadóttir, steinhra@hi.is, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, gudbjorg@hi.is and Ómar H. Kristmundsson, omarhk@hi.is

Article first published online December 18th 2014 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. töl. 10. árg. 2014 (425-442)Fræðigreinar

© 2014 Tengiliðir: Steinunn Hrafnadóttir, steinhra@hi.is, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, gudbjorg@hi.is og Ómar H. Kristmundsson, omarhk@hi.is

Vefbirting 18. desember 2014 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.2.12>

This work is licensed under Creative Commons Attribution 3.0 License

Participation in Voluntary Work in Iceland

Abstract

The paper discusses participation in formal voluntary work in Iceland. Findings from three waves of the European Values Study (EVS) from 1990-2010 are discussed in a theoretical and international context. The results show that around a third of the Icelandic population aged 18 years and older was involved in some kind of unpaid voluntary work in 2009-2010, a little fewer than in 1990. Around 75% were members of voluntary organizations, about the same ratio as in 1990. Respondents were most likely to do voluntary work for sports- or recreation associations and were also more likely to belong to sports clubs than other associations or organizations. Although voluntary work for social welfare services was the second most frequent, that type of associations suffered the biggest decline in the number of volunteers between 1990 and 2009. Overall, there is not a significant difference in men and women's participation in voluntary organizations although men are much more likely than women to do unpaid voluntary work for associations involved in sports, recreation and youth work. Respondents over 50 years are more likely to do voluntary work than younger participants, especially in the field of social welfare. Respondents with higher education are the most likely to be involved in voluntary work. Occupational status is also strongly linked to such work, mainly within sports and recreation. Married respondents are in all instances more likely than others to do voluntary work and people in rural areas are more likely than people in urban areas to engage in such activities. The results that are in accordance with international findings provide important information about participation in voluntary organizations, unpaid voluntary work in Iceland, and changes over time.

Keywords: Volunteers; unpaid voluntary work; voluntary organizations.

Inngangur

Áhugi fræðimanna á sjálfböðastarfi hefur farið vaxandi það sem af er öldinni sem endurspeglast m.a. í fjölda fræðigreina og bóka um viðfangsefnið. Nokkrir þættir skýra þennan aukna áhuga (Musick og Wilson, 2008). Stjórnvöld víða um heim og alþjóðasamtök eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa bent á mikilvægi sjálfböðastarfa fyrir framtíð velferðarkerfa og hafa sett sér stefnumið þar að lútandi. Hluti slíkrar vinnu hefur falist í stuðningi við rannsóknir á þessu sviði. Í annan stað hafa vinsæl verk eins og verk Roberts Putnams (2000) um þverrandi félagsauð kveikt áhuga leikra sem lærðra á mikilvægi borgaralegrar þátttöku í lýðræðissamfélögum svo sem með félagsaðild og sjálfböðnu starfi. Þó hugmyndir Putnams séu ekki nýjar af nálinni og megi rekja til félagsfræðinga eins og Tocqueville, Durkheim og Tönnies hafa þær leitt til þess að áhugi hefur aftur beinst að sjálfböðaliðasamtökum en rannsóknir á starfsemi þeirra höfðu ekki verið áberandi um nokkurn tíma. Í þriðja lagi hefur áhugi á sjálfböðastörfum aukist

vegna tilrauna feminískra fræðimanna til að endurskilgreina vinnuhugtakið í þá átt að í því felist ekki eingöngu launuð vinna, heldur einnig ýmis konar umönnun, sjálfbodastörf og óformleg vinna.

Rannsóknir á sjálfbodastarfi hafa verið af ýmsum toga. Algennt er að gerðar séu kannanir sem lagðar eru fyrir úrtak þjóðar eða íbúa landssvæðis. Einnig er algennt að sjálfbodastörf hjá einstökum félögum svo sem íþrótt- og líknafrélögum séu skoðuð. Alþjóðlegar langtímarannsóknir sem gefa upplýsingar um tíðni sjálfbodastarfa og félagsaðildar eru nokkrar. Þær markverðustu eru Evrópska lífsgildakönnunin (European Values Survey: EVS) sem niðurstöður hér byggja á, með þátttöku 14 Evrópuríkja árin 1981-1984, 27 ríkja árin 1990-1992, 33 ríkja árin 1999-2002 og 46 ríkja árin 2008-2010, Alþjóðlega lífsgildakönnunin (World Values Survey: WVS, 2010-2014) sem byggir að hluta á hinni fyrrnefndu með 55 þátttökulöndum í lotu 6 sem framkvæmd var á tímabilinu 2010-2014, þar af voru 36 lönd utan Evrópu og Evrópska félagskönnunin (European Social Survey: ESS, 2012) sem 29 lönd tóku þátt í árið 2012. Viðamestu samanturðarrannsóknirnar sem beinast sérstaklega að félagsþátttöku eru þó rannsóknir John Hopkins Center for Civil Society (JHU) við háskólann í Baltimore þar sem rúmlega 40 lönd víða um heim taka þátt.

Viðfangsefni rannsókna á sjálfbodastarfi hafa beinst að því að skoða umfang og eðli sjálfbodastarfs sem eins mælikvarða borgaralegrar þátttöku, hvort og þá hvernig hún hefur tekið breytingum (sjá t.d. Hodgkinson, 2003; Plagnon og Huppert, 2010; Curtis, Baer og Grabb, 2001; Salamon, Sokolowski og List, 2003; Frekdrikson, Henriksen og Qvist, 2014), hver þessi störf séu (t.d. tímabundin átaksverkefni eða ótímabundin þátttaka í starfi félagsins og hvar þau sé að finna, þ.e.a.s. innan hvers konar skipulagsheilda (sjá t.d. Hustinx, Handy, Cnaan, 2010; Mundle, Naylor og Buck, 2012). Einnig hafa rannsóknir beinst að hverjir það séu sem stunda sjálfbodastörf og áhugahvöt þeirra með hlíðsjón af lýðfræðilegum þáttum (sjá t.d. Clary et al., 1998).

Greinin lýsir niðurstöðum rannsókna á sjálfbodastarfi á Íslandi. Notast er við gagnasafn EVS en það byggir á spurningalista sem var fyrst lagður fyrir 1984. Viðfangsefnin eru í samræmi við sambærilegar erlendar rannsóknir. Umfang sjálfbodastarfs á Íslandi er skoðað og þá jafnframt hvort breytingar hafi orðið á þátttöku í sjálfbodastarfi á þeim tíma sem kannanir EVS hafa verið lagðar fyrir. Skoðað er hvar sjálfbodastarf fer fram og hverjir það eru sem taka þátt í slíku starfi. Niðurstöðurnar eru settar í samhengi við alþjóðlega fræðilega umræðu um sjálfbodastörf og sjálfbodaliða. Rannsóknunum á félagsamtökum hefur vaxið fiskur um hrygg á Íslandi á undanförunum árum, en fáar hafa beinst að sjálfbodastarfi og sjálfbodaliðum (sjá þó Steinunn Hrafnadóttir, 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2013). Með rannsókninni er ætlunin að bæta þar úr.

1. Sjálfbodastörf og sjálfbodaliðar

Fræðimenn hafa með ýmsum hætti skilgreint hugtökin sjálfbodastarf og sjálfbodaliðar. Skv. Cnaan, Handy og Wandsworth (1996) felur sjálfbodastarf í sér frjálst val á verkefnum, það er ólaunað, fer fram innan ákveðins skipulags og er unnið til almannaheilla.

Í seinni tíð er orðið algengara að fræðimenn víkki út þessar skilgreiningar og hefur þá m.a. verið greint á milli svokallaðra formlegra sjálfböðastarfa sem eru þá unnin á vegum félagasamtaka og klúbba og óformlegra sjálfböðastarfa sem felast í því að aðstoða aðra fyrir utan nánustu fjölskyldu að eigin frumkvæði (Rochester, PaineHowlett og Zimmeck 2010). Einnig hefur borgaraleg þátttaka sem felst t.d. í að sækja mótmælafundi eða taka þátt í undirskriftasöfnunum verið flokkuð sem sjálfböðastarf.

Flokka má sjálfböðastörf eftir því hverjir njóta góðs af þeim (svo sem ungt fólk, aldraðir eða fatlaðir), fyrir hvers konar félagasamtök eða stofnanir fólk er að vinna (svo sem skóla eða íþróttafélög) og hvert sé viðfangsefnið (svo sem náttúruvernd, eða friðarmál). Á alþjóðaári sjálfböðaliðans árið 2001 var eftirfarandi flokkun sett fram á ólíkum tegundum sjálfböðastarfa (Davis Smith, 2000):

- Gagnkvæm aðstoð/sjálfs hjálp sem felst í að fólk í svipuðum aðstæðum eða með svipuð vandamál styður hvert annað. Dæmi eru AA samtökin.
- Góðgerðarstarf eða félagsleg þjónusta sem felst í að félagasamtök fá til sín sjálfböðaliða til að veita þriðja aðila ákveðna þjónustu. Dæmi er heimsóknarþjónusta eða símsvörun í hjálparsíma Rauða krossins.
- Þátttaka, þar sem starfið er pólitískt eða stjórnunarlegs eðlis, þar sem athyglin beinist að ákvarðanatöku t.d. seta í stjórn eða notendaráði opinberrar stofnunar.
- Málsvara/baráttuhlutverk sem felst í að vinna sameiginlega að einhverju málefni t.d. eins og verndun hálandis, eða bættum aðbúnaði geðsjúkra.
-

Rochester, Ellis, Paine, Howlett og Zimmeck (2010) benda á að til viðbótar þessari flokkun ætti að vera sjálfböðastarf á sviði íþrótt- og tómstundamála þar sem stór hluti slíkra starfa verður til.

Hlutverkum sjálfböðaliða innan félagasamtaka er lýst í grein Ómars H. Kristmundssonar og Steinunnar Hrafnadóttur (2013). Þar kemur fram að hlutverk sjálfböðaliða geti verið mjög fjölbreytt og stundum sinni sjálfböðaliðar mörgum verkefnum í einu. Sjálfböðastörf eru flokkuð í stjórnunar- og nefndastörf, vinnu við framkvæmd verkefna, svo sem að sinna heimsóknarþjónustu eða fataflokun, og loks tímabundin átaksverkefni sem geta falist t.d. í fjáröflun.

1.1 Umfang og þróun sjálfböðastarfs

Í þeim fjölþjóðlegu rannsóknum sem vitnað var til hér að framan kemur fram breytileiki í tíðni sjálfböðastarfa og einnig hvar þau eru unnin. Algengast er þó að sjálfböðaliðar starfi innan velferðarféлага (svo sem líknarsamtaka og góðgerðarféлага) og íþrótt-, menningar og æskulýðsféлага (Salamon og Sokolowski, 2001).

Í töflu 1 kemur fram tíðni sjálfböðastarfa innan Evrópuríkja skv. niðurstöðum EVS 2008-2010 (EVS, 2010) skipt upp eftir landssvæðum. Í heild höfðu 20,1% íbúa tekið þátt í sjálfböðastarfi. Til samanburðar höfðu í könnun ESS 2012 36,9% tekið þátt í slíku starfi a.m.k. einu sinni síðustu 12 mánuðina áður en könnunin var lögð fyrir (ESS, 2012a). Þrennt getur skýrt þennan mun, hugsanlegt er að hann stafi að nokkru leyti af

ólíku orðalagi spurninga,¹ í öðru lagi er mögulegt að sjálfboðaliðum hafi fjölgað í Evrópu frá 2008/2010 til ársins 2012 og loks getur mismunandi hópur þátttökuríkja í þessum tveimur könnunum haft áhrif en fleiri Austur-Evrópuríki taka þátt í EVS könnuninni. Eins og tafla 1 sýnir eru ríki Austur-Evrópu að jafnaði með lægra hlutfall sjálfboðaliða en önnur Evrópuríki. Í samanburðarrannsóknum JHU, sem lönd víða um heim taka þátt í, kemur fram að tæp 27% íbúa að meðaltali sögðust hafa tekið þátt í sjálfboðastörfum. Þátttaka í löndunum var allt frá 7% upp í 51% (Salamon, Sokolowski og List, 2003). Eins og áður segir er algengast að sjálfboðaliðar starfi annað hvort í íþrótt- og æskulýðsfélögum eða velferðarfélögum af einhverju tagi. Í töflunni kemur fram að 7,2% tóku þátt í ólaunuðu starfi íþrótt- og æskulýðsfélaga (miðgildi 4,9%) og 3,0% starfi velferðarfélaga (miðgildi 2,1%).

Tafla 1 sýnir einnig að verulegur munur er á tíðni sjálfboðastarfs eftir landssvæðum. Mesta þátttakan er meðal Norðurlandabúa og því næst meðal annarra Vestur-Evrópuríkja. Suður-Evrópu og Austur-Evrópuríkin reka síðan lestina. Rúmlega tvöfaldur munur er á milli Norðurlanda og þeirra síðastnefndu. Tölur í töflu 1 benda til þess að nokkuð hafi dregið úr sjálfboðastörfum í Evrópu frá árunum 1990-1992, fyrst og fremst þó í Austur- og Suður Evrópu. Að hluta til skýrist þessi fækkun af mikilli fjölgun landa í könnuninni (úr 10 í 24 lönd í Austur-Evrópu frá 1990/1992 til 2008/2010) en jafnframt virðist hafa dregið mikið úr sjálfboðastörfum í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi. Í Suður-Evrópu hafa þrjú ný lönd bæst við könnunina á fyrrgreindu tímabili, þ.e. Grikkland, Kýpur og Tyrkland. Lítið er um sjálfboðastörf í Tyrklandi en nokkuð hefur einnig dregið úr sjálfboðastörfum á Möltu og í Portúgal.

Tafla 1. Þátttaka í sjálfbodavinnu: Samanburður innan Evrópu

		Meðaltal/ Miðgildi 2008-2010	Lægsta gildi 2008-2010	Hæsta gildi 2008-2010	Meðaltal/ Miðgildi 1990-1992
Heild ²	Öll félög	20,1/18,1	5,2	47,2	27,4/26,5
	Íþrótt- og tómstundafélög	7,2/4,9	0,4	21,3	9,6/9,2
	Velferðarfélög	3,0/2,1	0,2	10,7	3,7/3,3
	Fjöldi landa	46			27
Norðurlönd	Öll félög	34,2/36,4	28,5	38,2	36,4/36,6
	Íþrótt- og tómstundafélög	14,7/13,4	12,4	18,6	17,4/17,2
	Velferðarfélög	5,7/5,6	3,7	7,6	5,4/4,4
	Fjöldi landa	5			5
Vestur-Evrópa, önnur lönd	Öll félög	29,8/26,5	19,2	47,3	27,4/26,4
	Íþrótt- og tómstundafélög	12,3/10,5	6,7	21,3	10,3/10,3
	Velferðarfélög	4,8/4,5	1,8	10,7	5,2/5,2
	Fjöldi landa	10			8
Suður-Evrópa	Öll félög	14,3/14,4	5,5	22,4	19,0/20,7
	Íþrótt- og tómstundafélög	4,0/4,2	0,9	7,7	6,0/6,3
	Velferðarfélög	1,8/1,8	0,8	2,9	2,4/2,4
	Fjöldi landa	7			4
Austur-Evrópa	Öll félög	15,0/13,4	5,2	31,9	26,1/27,6
	Íþrótt- og tómstundafélög	4,7/3,7	0,4	12,6	6,5/5,5
	Velferðarfélög	2,0/1,3	0,2	6,4	2,2/1,8
	Fjöldi landa	24			10

Heimild: Niðurstöður úr gagnasafni EVS (2011). Lægstu tvö gildi: Öll félög: Georgía og Rússland. Íþróttfélög: Georgía og Tyrkland. Velferðarfélög: Georgía og Rússland. Hæstu tvö gildi: Öll félög: Holland og Lúxemborg. Íþróttfélög: Lúxemborg og Holland. Velferðarfélög: Holland og Lúxemborg.

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram til að skýra þann mikla mun sem er á þátttöku sjálfbodaliða innan þjóðríkja. Algengast er að líta svo á að ólík samfélagsgerð, menning, hag- og stjórnerfi skýri að mestu þennan breytileika. Fræðimenn hafa bent á að fylgni sé á milli lýðræðiseinkenna og umfangs sjálfbodastarfs. Félag- og tjáningarfrelsi sé augljós forsenda fyrir starfsemi sjálfbodaliðasamtaka. Skýringin á lítilli sjálfbodavinnu í fyrrum kommúnistaríkjum Austur-Evrópu felist til dæmis í því að ekki hafi enn tekist að byggja upp sambærilegar borgaralegar hefðir og í Vestur-Evrópu þar sem fólk nýtir m.a. félagafrelsi sitt til að stofna félög og tekur þátt í sjálfbodastarfi af fúsum og frjálsum vilja. Einnig hefur þessi mismunur verið tengdur ólíkum pólitískum hefðum í löndunum. Á flestum Norðurlöndum er þannig gert ráð fyrir samráði stjórnvalda og félagasamtaka svo sem í opinberri stefnumótun. Í löndum Suður-Evrópu er töluvert lægri tíðni en á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu og má leiða líkur að því að þar voru lengi einræðis-

stjórnir og hlutverk kaþólsku kirkjunnar hefur verið stórt í velferðarþjónustu. Einnig hefur verið bent á að í þróaðri löndum Evrópu, þar sem menntunartig er hærra, og hagsæld er meiri séu fleiri tækifæri til félagslegra tengsla og félagsaðildar og líkur á þátttöku í sjálfbodastörfum hærra (Hustinx, Handy og Cnaan, 2010; Musick og Wilson, 2008; Voicu og Voicu, 2009).

Félagsleg upprunakenning (social origin) Salamons og Anheiers, (1998) er sú kenning sem einna mest er vitnað til þegar umfang og samsetning sjálfbodastarfa í ólíkum löndum er skoðuð. Henni er ætlað að skýra hvers vegna hinn svonefndi þriðji geiri, sem m.a. samanstendur af félögum með sjálfbodaliða, hefur mismikið vægi í þjóðfélögum og þá jafnframt mikilvægi framlags einstaklinga í formi sjálfbodastarfs. Kenningin byggir á þekktri skiptingu Esping-Andersen á samfélagsgerðum (liberal, corporatist, statist, social democratic). Salamon og Anheier (1998) halda því fram að stærð og skipulag þriðja geirans endurspeglar í flóknum sögulegum og pólitískum öflum. Til að útskýra mismunandi samsetningu þriðja geirans eftir löndum nota þeir tvær lykildreytur: A) Fjármagn sem veitt er til velferðarþjónustu. B) Stærð þriðja geirans, sem er þá mældur í launaðri vinnu og vinnu sjálfbodaliða. Þeir benda á að í þeim löndum þar sem verkalýðshreyfingin hefur mikil ítök hafi þróast sterkt opinbert velferðarkerfi. Sjálfbodavinna sé mikil en frekar á sviði tómstunda- og menningar en velferðarþjónustu eins og á Norðurlöndunum. Í löndum þar sem frjálslyndar stefnur (liberal) hafi verið ráðandi eins og í Bretlandi og Bandaríkjunum sé velferðarþjónusta meira í höndum félagasamtaka og sjálfsfagnarstofnana sem byggja starf sitt m.a. á sjálfbodaliðum. Í íhaldsamari löndum svo sem Spáni, Þýskalandi, Hollandi og Frakklandi sé sterkt ríkisvald þar sem ríkið og þriðji geirinn vinna saman við að veita velferðarþjónustu. Það tengist sérstaklega hlutverki kirkjunnar í mörgum þessara landa. Í stöðuga (statist) kerfinu er einnig sterkt ríkisvald, en tilhneigingin er að það veiti að meginstefnu til opinbera þjónustu. Þessi skýring hefur verið gagnrýnd fyrir að beina athyglinni meira að efnahagslegum áhrifum sjálfbodageirans en sjálfbodaliðunum sjálfum og það takmarki gildi hennar við að skýra ólíka tíðni og hlutverk sjálfbodaliða á alþjóðlega vísu. Þrátt fyrir það þá varpar hún ljósi á hvernig hlutverk sjálfbodaliða getur mótast af sögulegum og pólitískum þáttum og að hluta til útskýrt hvers vegna sjálfbodaliðar í ólíkum löndum vinna á svo mismunandi sviðum.

Ljóst er að engin ein skýring hefur fundist á ólíkri þátttöku í sjálfbodastörfum eftir löndum. Algengast er að fræðimenn leggi áherslu á að skoða verði marga ólíka þætti til að skýra út mismunandi samsetningu og þátttöku í sjálfbodastörfum. Miklar breytingar hafi orðið á samfélögum og sjálfbodastörf breytist í takt við þá þróun (Kendall, 2012).

1.2 Hverjir gerast sjálfbodaliðar?

Niðurstöður fjölda rannsókna um sjálfbodastörf hafa sýnt fram á jákvæð tengsl á milli persónulegra, félagslegra og efnahagslegra þátta og sjálfbodastarfa einstaklinga. Einnig hefur verið unnt að greina samband milli bakgrunns sjálfbodaliða og tegunda félagasamtaka. Þátttaka einstaklinga í sjálfbodastarfi hefur verið skýrð út frá fjórum megin sjónarhornum, félagslegri stöðu einstaklinga, lífsskeiðum, félagslegum tengslum og gildismati (values). Ekki verður fjallað frekar um samband gildismats og sjálfbodastarfa þar sem

rannsóknin tók ekki til þess þáttar. Oft tengjast þessi sjónarhorn innbyrðis. Musick og Wilson (2008) hafa tekið saman þessi sjónarhorn á eftirfarandi hátt:

Félagsleg staða í fjóðféluginu getur skýrt hvers vegna sumir sækja í sjálfböðastörf en aðrir ekki og bjóða sig frekar fram til slíkra starfa en aðrir. Hér er um að ræða ýmsar lýðfræðilegar breytur eins og menntun, tekjur, búsetu, starf, hjúskaparstöðu, kyn og aldur.

Lífsskeiðasjónarhornið vísar til þess hvernig fjölskylduaðstæður, skóli og vinna einstaklinga hafa áhrif á möguleika fólks til sjálfböðastarfa. Fólk með uppkomin börn ætti augljóslega að hafa meiri tíma fyrir tómstundir en ungt barnafólk og því líklegra til sjálfböðastarfa. Aldurs skeið er einnig tengt eðli sjálfböðastarfs. Foreldrar barna á grunnskólaaldri eru þannig líklegri til að taka þátt í sjálfböðastarfi innan íþróttafélaga en fólk með uppkomin börn.

Félagsleg tengsl: eru mikilvæg forsenda þess að fólk sinni sjálfböðastörfum. Með félagslegum tengslum er hér átt við félagsleg tengsl einstaklinga og í hve mörgum félögum þeir taka þátt. Hér er lögd áhersla á mikilvægi tengsla í lífi fólks og hvernig þau geta haft áhrif á þátttöku í sjálfböðastörfum með því að fóstora traust, vitund um skyldur og að veita upplýsingar.

Rannsóknir á grundvelli þessara þriggja sjónarmiða hafa greint samband milli sjálfböðastarfs og félagslegra þátta. Hér að neðan eru raktar meginniðurstöður þessara rannsókna.

- *Menntun, atvinna og félagsleg staða:* Fjöldi rannsókna hefur sýnt að einstaklingar með háskólamenntun, í vinnu, með hærri tekjur og í ábyrgðarfullri störfum eru líklegri en aðrir hópar til að sinna sjálfböðastörfum (Kendall, 2012; Wilson, 2012; Wilson, 2000; Musick og Wilson, 2008). Horton-Smith (1994) hefur nefnt þetta The dominant status theory. Algengara er að háskólamenntaðir vinna sjálfböðastörf, en ekki hefur fundist marktæk fylgni á milli menntunar og að vinna í góðgerðar- og líknarfélögum eða trúarstarfi (Dolnicar og Randle, 2007). Líklegra er að þeir sem eru í vinnu stundi sjálfböðastörf en þeir sem eru ekki í vinnu. Algengast er að þeir sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur eða vinni hlutavinnu stundi sjálfböðastörf samkvæmt erlendum rannsóknum. Ástæðan fyrir þessu er líklega sú að þeir sem eru með meiri hæfni og menntun bjóða sig frekar fram til að takast á við sjálfböðastörf og eru eftirsóknarverðari í augum félagasamtaka til að sinna slíkum störfum vegna þekkingar sinnar og því oftast beðnir um það.
- *Kyn:* Almennt er lítil munur á þátttöku kynja í sjálfböðastarfi. Þó sýna margar rannsóknir að munur er á milli kynja fyrir hvers konar félagasamtök er unnið (Steinunn Hrafnadóttir, 2008; Habermann, 2001; Wilson, 2012). Almennt er algengara að karlar vinna fyrir íþróttar- og tómstundafélög, pólitísk og málsvarafélög, en konur fyrir góðgerðar- og líknarfélög. Það er þó ekki algilt og mismunandi eftir löndum.
- *Aldur:* Sjálfböðaðþátttaka er mismunandi eftir aldri (Wilson, 2012). Í flestum rannsóknum kemur fram vel þekkt aldursdreifing þar sem algengast er að fólk á miðju lífsskeiði sinni sjálfböðastörfum, en minnst þátttaka sé hjá yngsta og elsta aldurs-

hópnum. Þessi breyta tengist lífsskeiðasjónarhorninu sem rætt var um hér á undan. Mismunandi er eftir aldri fyrir hvernig félagasamtök er unnið. Algengara er að fólk eldra en 50 ára vinni fyrir góðgerðarfélög og þá sérstaklega konur (Dornicer og Randle, 2007; Mundle, Naylor og Buck). yngsti aldurshópurinn, fyrir æskulýðs- og íþróttafélög og fólk á aldrinum 30-49. ára, sérstaklega karlar vinni fyrir íþrótt- og tómsundafélög (Wilson, 2012).

- *Fjölskylduaðstæður*: Algengra er að fólk í hjúskap vinni sjálfbodastörf en fráskildir, einhleypir og ekkjur eða ekkjar. Einnig er algengara að fólk með börn sinni sjálfbodastörfum en aðrir hópar. Rannsóknir hafa sýnt að aldur barna og tegund sjálfbodastarfa skiptir máli (Kendall, 2012). Algengast sé að foreldrar sinni sjálfbodastörfum þegar börn eru á grunnskólaaldri í tengslum við íþrótt- og tómsundastarf þeirra. Dönsk rannsókn sýndi að það hefði neikvæð áhrif á málsvara- sjálfbodastörf að eiga börn á skólaaldri, en það hefði ekki áhrif á velferðarmiðuð sjálfbodastörf eða verkefna miðuð sjálfbodastörf (Henriksen, Rosdal og Koch-Nielsen, 2008).
- *Trú*: Í flestum rannsóknum kemur fram að trú tengist sjálfbodastörfum (Voicu og Voicu, 2009; Wilson, 2012). Þeir sem eru virkir í trúarstarfi eru almennt líklegri til að sinna slíkum störfum og þá í safnaðarstarfi og í góðgerðarfélögum. Konur eru líklegri en karlar til að sinna slíkum störfum.
- *Félagsleg tengsl*: Rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir sem eru í fleiri félögum, hafa ríklægri óformleg tengsl og eru vel tengdir inn á vinnumarkaðinn séu líklegri til að stunda sjálfbodastörf en aðrir hópar. Unnt er að skýra þetta á marga vegu en augljóslega er líklegra að þeir sem eru í mörgum félögum séu frekar beðnir um að sinna sjálfbodastörfum. Önnur skýring sem má rekja til Putnams (2000) er að félagsleg tengsl auki gagnkvæmni í þjóðfélaginu sem síðan auki þátttöku og stuðli að félagslegu trausti. Rannsóknir benda til að fólk sem er með meiri menntun sé í fleiri félögum, hitti vini, kunningja og fjölskyldu oftast og stundi frekar sjálfbodastörf en aðrir hópar (Musick og Wilson, 2008; Wilson, 2012).
- *Búseta*: Flestar rannsóknir sýna að algengara sé að fólk í dreifbýli sinni sjálfbodastörfum en í þéttbýli (Wilson, 2012). Þetta hefur verið tengt við minni velferðarþjónustu í dreifbýli en í þéttbýli, en einnig að nánari tengsl og gagnkvæmni geti verið í smærri samfélögum.

2. Aðferðir

Rannsóknin byggir á gagnasafni Evrópsku lífsgildakönnunarinnar, European Values Study (EVS, 2011) sem er alþjóðleg langtímakönnun á lífsgildum og ýmsum félagslegum þáttum. Könnunin, sem nær eins og nafnið gefur til kynna til Evrópuríkja, hefur verið lögð fyrir fjórum sinnum, 1981-1984 (Ísland 1984), 1990-1992 (Ísland 1990), 1999-2002 (Ísland 1999) og 2008-2010 (Ísland 2009-2010). Rík áhersla er lögð á að fylgt sé sömu aðferð í öllum þáttökulöndunum til að tryggja samanburðarhæfni gagna. Tekin eru lagskipt tilviljunarúrtök 18 ára og eldri og almennt miðað við að safnað sé 1000 svörum í heimsóknarkönnun. Fjöldi svarenda á Íslandi hefur verið á bilinu 702 til 968 og svarhlut-

fall 47% - 65%. Rannsóknasjóður Rannís hefur styrkt rannsóknina á Íslandi og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur séð um undirbúning og framkvæmd, nema fyrsta árið þegar Hagvangur sá um framkvæmdina. Gögnin eru vigtuð út frá kyni og aldri til að tryggja að þau endurspegli kynja og aldersdreifingu í hverju landi. Nánar um könnunina, þátttökuríki, spurningalista og framkvæmd má sjá á heimasíðu EVS, <http://www.europeanvaluesstudy.eu/>.

Rannsóknin beindist annars vegar að spurningum um hvort þátttakendur stunduðu sjálfböðastörf fyrir tiltekin félagasamtök og hins vegar hvort þeir væru meðlimir þeirra. Taldar voru upp ólíkar tegundir félaga og í þremur af fjórum könnunum var unnt að velja „önnur félög“. Einnig var hægt að merkja við ef þátttakendur tilheyrðu engum félögum.³

Spurningar um einstök félög voru á nafnkvarða, spurt var hvort viðkomandi hefði unnið ólaunað starf hjá tilteknu félagi eða ekki. Til að kanna þátttöku í heild var búin til ný breyta sem mældi hvort þátttakendur væru sjálfböðaliðar hjá einu eða fleiri félögum eða engu. Fjórar tegundir félaga voru sérstaklega skoðaðar, velferðarfélög (góðgerðarsamtök, líknarfélög, þjónustuklúbbar), menningarfélög (áhugahópar um listir, menningar- eða skólamál), æskulýðs- og íþróttafélög (skátar, æskulýðsfélög, klúbbar, íþróttafélög og tómsundafélög) og björgunar- og hjálparveitir og slysavarnarfélög, hér eftir kallaðar björgunarsveitir. Meðal þessara félaga störfuðu flestir sjálfböðaliðar (sjá töflu 2).

Úrvinnsla byggði annars vegar á að skoða hversu algengt væri að Íslendingar stunduðu sjálfböðastörf og þá hjá hvaða tegundum félaga og hvort lýðfræðilegir þættir eins og aldur, kyn, hjúskaparstaða, börn á heimili, menntun, störf og búseta hefðu áhrif á hvort þeir stunduðu slík störf. Miðað var við síðustu könnun EVS sem lögð var fyrir á Íslandi 2009-2010. Breytingar á sjálfböðastarfi í heild og eftir tegundum félaga voru skoðaðar með kí-kvaðrat prófi. Aðhvarfsgreining hlutfalls (e. logistic regression) var notuð til að meta lýðfræðileg einkenni sjálfböðaliða almennt og þeirra sem starfa innan velferðar-, menningar- og æskulýðs- og íþróttafélaga og breytingar yfir tíma.

3. Niðurstöður

Í kaflanum er fjallað um hversu algeng sjálfböðastörf eru á Íslandi og hvar þau eru unnin. Skoðað er hvernig þátttaka í ólaunuðum störfum fyrir félagasamtök hefur þróast á sl. áratugum og lýðfræðilegum bakgrunni sjálfböðaliða er lýst.

Í hve miklum mæli taka Íslendingar þátt í sjálfböðastarfi og hjá hvaða félagasamtökum? Skv. EVS könnuninni 2009-2010 tóku 31,6% Íslendinga 18 ára og eldri þátt í slíku starfi en á sama tíma voru tæplega 75% landsmanna meðlimir í félagasamtökum (tafla 2). Þá er sleppt félögum með nær sjálfkrafa aðild svo sem þjóðkirkjunni og stéttar- og fagfélögum.

Tafla 2. Hversu algeng er sjálfboðavinna og hvar fer hún fram – EVS 2009-2010? (%)

	Vinnur ólaunuð störf	Eru í félagi
Heild	31,6	74,7
Íþróttir, tómstundastörf	10,5	33,4
Góðgerðarsamtök, líknarfélög, þjónustuklúbbar	6,0	20,3
Hjálparsevitir, björgunarsevitir og slysavarnarfélög	4,5	8,7
Áhugahópar um listir, menningar- eða skólamálin	4,3	15,8
Kirkjan (þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	4,1	---
Kvennasamtök	3,1	6,1
Stjórnmalaflokkar eða samtök	2,7	23,9
Æskulýðsstarfsemi (t.d. skátar, æskulýðsfélög, klúbbar o.s.frv.)	2,6	6,5
Samtök sem fást við mannréttindamál eða þróunarhjálp	2,3	14,7
Starfsgreinafélög/sérfræðingafélög	1,6	---
Verkalýðsfélög (stéttarfélög)	1,5	---
Sjálfboðaliðasamtök á sviði heilbrigðismála	1,3	4,1
Samtök sem starfa að friðunarmálum, umhverfisvernd, dýravernd o.fl.	1,1	6,7
Félög eldri borgara	0,7	8,6
Baráttu- eða áhugahópar gegn t.d. fátækt, atvinnuleysi, húsnæðisvanda eða kynþáttafordómum í eigin byggðalagi	0,5	5,8
Friðarhreyfingar	0,4	1,9
Önnur félög	2,6	8,4

N=792. Undan er skilin aðild að þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, stéttar- og fagfélögum.

Flestir stunda sjálfboðastörf hjá íþróttafélögum eða einn af hverjum tíu. Félagsaðild er þar einnig mest, þriðjungur segist vera í íþróttafélagi. Næst algengast er sjálfboðastarf hjá velferðarfélagum svo sem góðgerðarsamtökum og líknarfélögum eða 6%. Í kjölfarið koma sjálfboðastörf hjá hjálparsevitum, menningarfélögum og safnaðarstarf hjá þjóðkirkjunni og öðrum trúarlegum samtökum, með rúm 4%. Skv. tölflunni er það breytilegt eftir tegundum félaga hvort meðlimir þeirra séu einnig sjálfboðaliðar. Þannig starfar annar hver félagi í hjálparsevitunum sem sjálfboðaliði en einn af hverjum tíu þeirra sem eru félagar í stjórnmálaflokkum.

Í tölflu 2 koma fram upplýsingar um hvernig hlutfall þeirra sem stunda sjálfboðastörf á Íslandi hefur breyst. Þar sem valkostir spurningar í könnuninni 1984 voru nokkuð aðrir en seinni kannananna þriggja er einungis unnt að nota þær til að meta breytingar á sjálfboðapátttöku meðal þeirra félaga sem þá var spurt um. Skv. tölflunni hefur þeim sem stunda sjálfboðastörf hlutfallslega fækkað frá 1990, frá tæplega 36% í um 29%, 2009-10. Til að tryggja réttmætan samanburð milli kannana er síðastnefnda hlutfallið án sjálfboðastarfs innan björgunarsevita. Hér er um marktækan mun að ræða skv. kí-kvaðrat

prófi. Það er hins vegar breytilegt hvort fækkun hafi orðið á sjálfböðaliðum hjá einstökum félögum. Helmings fækkun og tölfræðilega marktæk hefur orðið á sjálfböðaliðum velferðarfélaganna frá 1984 eða frá 12% niður í 6%. Á sama tíma hafði hlutfall þeirra sem voru meðlimir þessara félaga lítið breyst. Erfitt er að greina afgerandi breytingar í sjálfböðastarfi innan menningarfélaganna eða félagsþátttöku innan þeirra (eingöngu mælingar frá 1990). Marktæk fækkun hefur orðið á sjálfböðaliðum innan íþrótt- og æskulýðsfélaga en ekki í félagsaðild frekar en meðal velferðarfélaganna.

Tafla 3. Þróun sjálfböðastarfs 1984-2009/2010 (%)

		1984	1990	1999	2009-2010
Heild	Í sjálfböðastarfi**	(29,8)	35,9	32,6	29,1
	Meðlimur í félagi	(71,3)	63,0	65,0	70,3
Velferðarfélag	Í sjálfböðastarfi**	11,5	9,5	8,7	6,1
	Meðlimur í félagi*	20,4	15,5	17,4	20,3
Menningarfélag	Í sjálfböðastarfi**	2,7	5,3	5,9	4,3
	Meðlimur í félagi***	7,8	13,8	15,5	15,8
Íþrótt- og æskulýðsfélag	Í sjálfböðastarfi***	(9,6)	17,2	13,5	12,6
	Meðlimur í félagi***	(19,7)	34,5	36,9	36,9

* $p \leq 0,05$, ** $p \leq 0,01$, *** $p \leq 0,001$. Tölur fyrir 1984 eru settar í sviga þar sem orðalag spurninga var frábrugðið. Spurt var um íþrótt- og æskulýðsfélög í einni spurningu 1984 en í tveimur árið 1990 og síðar. Til að skapa samanburð við 1984 voru niðurstöður þessara tveggja lagðar saman. Einnig til að tryggja réttmætan samanburð er þeim sem vinna sjálfböðastörf í þágu hjálpar- og björgunarsveita sleppt, en spurt var eingöngu um slík störf 2009-2010. Af þessari ástæðu er hlutfall þeirra sem vinna í sjálfböðastarfi 29,1% en ekki 31,6% eins og fram kemur í töflu 1. Með sama hætti er félagsaðild 70,3% en ekki 74,7%.

Tafla 4 lýsir niðurstöðum aðhvarfsgreiningar hlutfalls (e. logistic regression). Með henni má greina lýðfræðileg einkenni sjálfböðaliða almennt og þeirra sem starfa innan velferðar-, menningar- og æskulýðs- og íþróttfélaga. Ekki er munur milli kynja hvað varðar þessa þátttöku nema í sjálfböðastörfum hjá æskulýðs- og íþróttafélögum; karlar eru nær tvisvar sinnum líklegri en konur að sinna sjálfböðastörfum innan þeirra (hlutfallslíkur=1,937). Almennt er fólk eldra en 50 ára heldur líklegra en yngsti aldurshópurinn til þess að sinna sjálfböðastörfum en það á þó fyrst og fremst við um sjálfböðastörf hjá velferðarfélagum þar sem 50 ára og eldri eru rúmlega tvisvar sinnum líklegri en 18-29 ára að stunda sjálfböðastörf. Þetta snýst þó við þegar lítið er til sjálfböðastarfa á sviði menningarmála. Þar er yngsti aldurshópurinn nærri tvisvar sinnum líklegri en 50 ára og eldri til að sinna sjálfböðastörfum (hlutfallslíkur=1,986) og aldurshópurinn 30-49 ára er um 70% líklegri en 50 ára og eldri til að vinna sjálfböðastörf hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum (hlutfallslíkur=1,705).

Tafla 4. Líkur á að ólíkir hópar vinni sjálfboðastörf á Íslandi árin 1990-2009/2010 skv. EVS

	Sjálfboða- störf almennt	Sjálfboða- störf hjá velferðar- félögum	Sjálfboða- störf hjá menningar- félögum	Sjálfboða- störf hjá íþróttá- og æskulýðs- félögum	N
	Hlutfallslíkur (Odds ratio)	Hlutfallslíkur (Odds ratio)	Hlutfallslíkur (Odds ratio)	Hlutfallslíkur (Odds ratio)	
Kyn					
Karl	1,003	0,937	0,814	1,937***	1188
Kona (samanburðarhópur)	-	-			1198
Aldur					
18-29 ára	0,804	0,463**	1,986*	1,369	624
30-49 ára	1,074	0,785	1,705*	1,539*	995
50 ára og eldri (samanburðarhópur)	-	-			767
Hjúskaparstaða					
Gift(ur)	1,761***	1,627*	2,429*	1,951**	1180
Í sambúð	1,206	0,887	1,464	1,554	419
Einhleyp(ur) – aldrei gift eða í sambúð	1,201	0,863	1,395	1,897*	478
Aðrir, þ.e. fráskildir, ekkjur og ekkjar (samanburðarhópur)	-	-	-	-	309
Menntun					
Grunnskóli	0,439***	0,896	0,435***	0,530***	876
Framhaldsskóli	0,587***	1,156	0,387***	0,701*	959
Háskóli (samanburðarhópur)	-	-	-	-	551
Staða á vinnumarkaði					
Í fullu starfi	1,848**	1,324	1,003	2,483*	1503
Í hlutastarfi	1,753*	1,266	1,370	2,974**	183
Með eigin rekstur	2,643***	1,724+	0,983	3,356**	245
Á eftirlaunum	1,911*	1,396	0,793	2,304+	143
Nemandi	1,411	1,384	1,798	2,396+	86
Atvinnuleitandi	2,740*	1,099	1,586	2,212	47
Annað (samanburðarhópur)	-	-	-	-	179
Börn á heimili					
Nei	0,813+	1,140	0,853	0,811	1121
Já (samanburðarhópur)	-	-	-	-	1265
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	0,624***	0,717*	0,560**	0,545***	1378
Landsbyggð (samanburðarhópur)	-	-	-	-	1008

EVS lota					
1990	1,606***	1,620*	0,899	1,310+	686
1999	1,353**	1,192	1,015	0,966	932
2009/2010	-				768
Fasti	0,337***	0,080***	0,062***	0,042***	
N	2386	2401	2401	2401	
Frelsisgráður	18	18	18	18	
Model X2	171,354***	68,710***	57,678***	131,903***	
Pseudo R2 (Nagelkerke)	0,097	0,058	0,066	0,094	
+ p≤0,1					
* p≤0,05					
** p≤0,01					
*** p≤0,001					

Gift fólk er í öllum tilfellum líklegast til þess að sinna sjálfboðastörfum og er mun líklegra til þess heldur en fráskilið fólk, ekkjur og ekkjar. Einhleypir einstaklingar eru þó nánast jafn líklegir og giftir til þess að sinna sjálfboðastörfum tengdum ungmenna og íþróttastarfi (giftir eru um 3% líklegri til að sinna sjálfboðastörfum á þessu sviði en einhleypir, þ.e. $1,951/1,897=1,03$). Tölfræðilega marktækt samband er á milli menntunar og sjálfboðastarfa á þann veg að háskólamenntaðir eru líklegastir til að sinna slíkum störfum. Þetta á þó ekki við um störf hjá velferðarfélagum, þar er ekki marktækt samband á milli þátttöku í sjálfboðastörfum og menntunar. Staða á vinnumarkaði tengist jafnframt líkum á því að taka þátt í sjálfboðastarfi og eru þeir sem eru með eigin rekstur alla jafna líklegastir til að sinna sjálfboðastörfum, sérstaklega meðal íþrótt- og æskulýðsfélaga. Ekki eru þó marktæk tengsl á milli stöðu á vinnumarkaði og sjálfboðastarfa innan menningarfélaga. Veikt samband er á milli þess hvort börn yngri en 18 ára eru á heimilinu eða ekki og eru þeir sem eru með börn á framfæri heldur líklegri en aðrir til að taka þátt í sjálfboðastarfi, ef frá eru talin sjálfboðastörf meðal velferðarfélaga. Í öllum tilfellum eru íbúar landsbyggðarinnar líklegri en íbúar höfuðborgarsvæðisins til þess að taka að sér sjálfboðastörf.

4. Samantekt og umræður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að tæpur þriðjungur⁴ Íslendinga sem náð hafði 18 ára aldri stundaði sjálfboðastörf árið 2009-2010. Á sama tíma voru um $\frac{3}{4}$ í einhverju félagi (undanskilin félög með sjálfkrafa aðild svo sem þjóðkirkjan og stéttarfélag). Bæði sjálfboðastörf og félagsaðild eru algengust meðal íþrótt- og tómsundafélaga, síðan velferðarfélaga, hjálparseita og menningarfélaga. Þetta hefur verið svo allt frá því Ísland hóf að taka þátt í Evrópsku lífsgildakönnuninum og er einnig í samræmi við niðurstöður rannsókna á sjálfboðastörfum á Íslandi sem gerð var árið 2005 (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008). Þetta er einnig hliðstætt við niðurstöður JHU rannsóknarinnar um að í Evrópu

sé algengast að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi og síðan í velferðarfélögum (Salomon og Sokolowski, 2001).

Miðað við mælingu frá 1990 hefur hlutfall þeirra sem vinna sjálfbodstörf fyrir félagasamtök lækkað með tölfræðilega marktækum hætti, úr 36% í 29% árið 2009. Fækkunin er mismikil eftir tegundum félaga. Sú er raunin hjá íþrótt- og tómstundafélögum og velferðarfélögum, en ekki menningarfélögum. Félagsaðild virðist að sama skapi ekki hafa minnkað og hjá einstökum félögum hefur hún jafnvel aukist. Athyglisvert er að helmingur þeirra sem eru meðlimir í kvennahreyfingum sinna sjálfbodastarfi þar, svo og meðlimir í hjálparveitum. Hlutfallið er hins vegar mun lægra meðal flokksmanna stjórnmálaflokka og samtaka sem vinna að mannréttindum. Þetta undirstrikar mismunandi eðli þessara samtaka.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er ekki unnt að alhæfa að Íslendingar vinni minni sjálfbodastörf en áður, enda kom í ljós í ESS könnuninni að rúmlega helmingur þátttakenda sagðist hafa unnið sjálfbodastörf á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin var gerð. Samantektir á alþjóðlegum rannsóknum sýna að sjálfbodastörf og borgaraleg þátttaka hefur almennt ekki minnkað (Wilson 2012) en líklegt er að eðli starfsins eða form hafi breyst. Fræðimenn hafa tengt þetta við breytingar á samfélagsgerð, meiri einstaklingshyggju og að fólk sé laustengdara félagasamtökum en áður. Málefnið skipti meira máli en félagasamtökin og að geta unnið störfina á sínum forsendum og í skemmri tíma í einu. Þannig hafi form sjálfbodastarfsins tekið grundvallarbreytingum (Hustinx og Lamertyn, 2003). Fræðimenn hafa bent á að þetta þurfi að rannsaka frekar og skilgreina sjálfbodastörf á víðari hátt en gert hefur verið (Rochester, Paine, Howlett og Zimmeck, 2010). Í rannsókn Ómars H. Kristmundssonar og Steinunnar Hrafnadóttur (2013) á sjálfbodaliðum velferðarfélaga kom fram að eftirspurn eftir sjálfbodaliðum meðal þessara félaga er ekki mikil. Í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna virðist þetta skýrast af fagvæddara starfi þar sem sjálfbodaliðar eru í meira mæli í aðstoðarverkefnum (Russell og Scott, 2007). Sjálfbodaliðar virðast vinna í meira mæli að tímabundnum átaksverkefnum svo sem fjársöfnunum. Ekki er hægt að útiloka að sjálfbodastörf fari í meira mæli fram utan formlegrar starfsemi félaga og benda niðurstöður European Social Survey 2012, þar sem rúmur helmingur Íslendinga sagðist hafa stundað einhver sjálfbodastörf síðustu 12 mánuði, til þess að um sé að ræða einhver annars konar sjálfbodastörf en spurt er um í European Values Study.

Rannsóknin sýnir að samband er á milli lýðfræðilegra þátta og hvort fólk stundar sjálfbodastörf. Þetta er í samræmi við niðurstöður alþjóðlegra rannsókna þar sem fram kemur að líklegra er að fólk með meiri menntun, á miðjum aldri, í hjúskap með börn á skólaaldri, í fullri vinnu og búi í dreifbýli stundi sjálfbodastörf. Niðurstöðurnar staðfesta þau sjónarhorn sem voru notuð til skýringa á forsendum fólks til sjálfbodastarfa hér á undan. Fólk með sterka félagslega stöðu á ákveðnu lífsskeiði stundar frekar sjálfbodastörf en aðrir hópar (Musick og Wilson, 2008; Wilson, 2012; Kendall, 2012). Fram kemur í niðurstöðum að tölverður munur er á lýðfræðilegri samsetningu sjálfbodaliða eftir því fyrir hvernig félagasamtök þeir vinna. Er þær niðurstöður mjög í samræmi við

niðurstöður þeirra erlendu rannsókna sem vitnað var til hér að ofan. Ísland sker sig ekki að neinu leyti úr.

Ef lítið er til Íslands í alþjóðlegum samanburði er ljóst að þátttaka í sjálfbodastörfum og félagsaðild er mikil og svipar þátttöku til hinna Norðurlandanna. Merki eru þó um að verið geti að eðli og forsendur sjálfbodastarfa og félagsþátttöku séu að breytast á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum, en slíkar ályktanir kalla á frekari rannsóknir.

Fræðimenn hafa bent á að mjög flókið sé að setja fram eina skýringu á ólíkri þátttöku landa í sjálfbodastörfum og félagsþátttöku. Sjálfbodastörf eru flókið samspil, menningarlega, sögulegra og pólitískra aðstæðna í ólíkum löndum. Þó er ljóst að þegar gögn EVS eru skoðuð þá er algengara að í þróuðum lýðræðisríkjum sé félagsaðild meiri og fleiri stunda sjálfbodastörf. Fræðimenn hafa bent á að þar sem lýðræði blómstrar, menntunarstig er hærra og hagsæld almennt meiri er hlutfall þeirra sem stunda sjálfbodastörf hærra en í öðrum löndum (Musick og Wilson, 2008; Voicu og Voicu, 2009; Kendall, 2012).

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa ekki tæmandi mynd af sjálfbodastörfum á Íslandi og hvernig þau hafa þróast. Takmarkanir á notkun kannana EVS og annarra sambærilegra fjölþjóðakannana við skoðun á þessu viðfangsefni felast í því að spurt er með afar almennum hætti um sjálfbodastörf og þá um slík störf innan félagasamtaka og annarra formlegra skipulagsheilda. Þörf er á haldbetri alþjóðlegum gögnum sem geta skoðað hvað skýrir mismunandi algengi og eðli sjálfbodastarfs. Eins og áður er getið eru vísendingar um að eðli og form sjálfbodavinnu hafi tekið breytingum. Því er þörf á að skoða með ítarlegri hætti verkefni sjálfbodaliða. Einnig er þörf á að skoða ný form á samfélagsþátttöku sem fer fram utan vinnu og fjölskyldulífs. Samfélagsmiðlar eru í vaxandi mæli vettvangur samskipta sem áður fóru fram innan formlegra félaga.

Mikilvægi þessara upplýsinga eru ótvíræðar. Eins og getið var um í upphafi eru stjórnvöld víða um heim orðin meðvitund um mikilvægi borgaralegrar þátttöku við samfélagsuppbyggingu og hafa sett sér markmið þar að lútandi. Upplýsingar um þessa þátttöku, form hennar og þróun skiptir miklu við að greina samfélagsbreytingar á þessu sviði og geta nýst stjórnvöldum í þessum tilgangi.

Aftanmálgreinar

- 1 Í EVS 2008 (EVS, 2010) hljóðar spurningin svo: „Skoðuðu eftirfarandi lista yfir sjálfbodaliðastörf og samtök og segðu mér a) Ert þú í einhverjum af eftirtöldum hópum eða samtökum? b) Vinnur þú um þessar mundir einhver ólaunuð sjálfbodaliðastörf fyrir einhver þeirra?“ og í ESS 2012 (ESS, 2012b) hljóðar hún svo: „Hversu oft á síðustu 12 mánuðum hefur þú unnið sjálfbodastörf eða tekið þátt í starfsemi góðgerðasamtaka?“
- 2 Óvarlegt er að draga þá ályktun að verulega hafi dregið úr sjálfbodastörfum í Evrópu frá árinu 1990. Stór hluti skýringarinnar liggur í því að þátttökulöndum EVS hefur fjölgað úr 27 í 46 á þessu tímabili og minna er um sjálfbodastörf í þeim löndum sem hafa best við.
- 3 Spurningarnar tvær voru eftirfarandi: ”Skoðuðu eftirfarandi lista yfir sjálfbodaliðastörf og samtök og segðu mér ... a) Ert þú í einhverjum af eftirtöldum hópum eða samtökum? B) Vinnur þú um þessar mundir einhver ólaunuð sjálfbodastörf fyrir einhver þeirra?“ (EVS, 2010). Á listanum voru síðan taldar upp tegundir félaga. Árið 1990 var spurt um 15 félög auk valkostsins „önnur félög“. Þar var sérstaklega spurt um dýraverndunarfélög. Slík félög voru felld undir flokkinn „Samtök sem

starfa að friðunarmálum, umhverfisvernd, dýravernd eða vistfræði“ 1999 og 2009-2010. Í könnuninni 2009-2010 og eingöngu á Íslandi var sérstaklega spurt um hjálparsevitir, björgunarsevitir og slysavarnarfélög. Í sögulegum samanburði er þessum félögum sleppt til að þau hafi ekki áhrif á samanburðinn. Könnunin 1984 hefur nokkra sérstöðu þar sem eingöngu var spurt um 10 félög og ekki var gefinn kostur á að velja „önnur félög.“ Því er varasamt að nota þá könnun til að mæla þátttöku í sjálfbodastarfi hjá félögum almennt. Unnt er hins vegar að nota hana til að skoða sjálfbodastarf í þeim félögum sem sérstaklega er spurt um í yngri könnunum EVS.

- 4 29,1% ±3,2% miðað við 95% öryggismörk þegar hjálparsevitir eru undanskildar en 31,6% ±3,2% þegar þær eru taldar með.

Heimildir

- Anheier, H.K. og Salamon, L.M.1998. Social origins of civil society: Explaining the nonprofit sector cross nationally. *Voluntas*, 9, 3, 213-247.
- Clary, E. G., Snyder, M., Ridge, R.D., Copeland, J., Stukas, A. A., Haugen, J. og Miene, P. 1998. *Journal of Personality and Social Psychology*, 74, 6, 1516-1530. <http://dx.doi.org/10.1037/0022-3514.74.6.1516>
- Curtis, J.E., Baer, D. og Grabb, E. 2001. Nations of joiners: Explaining voluntary association membership in democratic societies. *American Sociological Review*, 66, 6 783-805.
- Cnaan, R., Handy, F. & Wadsworth, M.1996. Defining who is a volunteer: Conceptual and empirical considerations. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly* 25, 365-383.
- Davis Smith, J. 2000. Volunteering and social development, *Voluntary Action*, 3,1 9-23.
- Dolnicar, S. og Randle, M. 2007. What motivates which volunteers? Psychographic heterogeneity among volunteers in Australia. *Voluntas*, 18, 2, 135-155.
- ESS. 2012a. ESS Round 6: European Social Survey Round 6 Data. Data file edition 2.0. Norwegian Social Science Data Services, Norway – Data Archive and distributor of ESS data.
- ESS. 2012b. ESS Round 6. Source Questionnaire. London: Centre for Comparative Social Surveys, City University, London.
- EVS. 2010. European Values Study 2008: Iceland (EVS 2008). GESIS Data Archive, Cologne. ZA4763 Data file Version 1.0.0, doi:10.4232/1.10039.
- EVS. 2011. European Values Study Longitudinal Data File 1981-2008 (EVS 1981-2008). GESIS Data Archive, Cologne. ZA4804 Data file Version 2.0.0, doi:10.4232/1.11005
- Fredriksen, M., Henriksen, L.V. og Qvist, H.P. 2014. Mainstreaming effects on volunteering. The Case of Denmark. *Journal of Civil Society*, DOI:10.1080/17448689.2014.944685.
- Habermann, U. 2001. En postmodern helgen? Om motiver til frivillighed. Óbirt doktorsritgerð. Lund: Socialhögskolan Lunds Universitet
- Henriksen, L.S., Rosdahl, D. og Koch-Nielsen, I. 2008. Formal and informal volunteering in a Nordic context: The Case of Denmark. *Journal of Civil Society*, 4, 3,193-208.
- Hodgkinson, V. 2003. Volunteering in a global perspective in P.Dekker og L.C.M. Halman (eds.), *The Values of volunteering: Cross cultural perspectives* (bls. 35-52). New York: Kluwer Academic/Plenum.
- Horton-Smith, D. 1994. Determinants of voluntary association participation and volunteering. A Literature review. *NonProfit and Voluntary Sector Quarterly*, 23, 243-263.
- Hustinx, L. og Lammertyn, F. 2003. Collective and reflexive styles of volunteering: A Sociological modernization perspective. *Voluntas*, 14, 2, 167- 187.
- Kendall, J. 2012. The Voluntary and community sector in J. Baldock, L. Mitton, N. Manning and S. Vickerstaff (Eds.). *Social Policy*, (bls. 153-176), fourth edition. Oxford: Oxford University Press.
- Mundle, C., Naylor, C. og Buck, D. 2012. Volunteering in health and care in England. A Summary of key literature. London: The Kings Fund.

- Musick, M.A. og Wilson, J. 2008. *Volunteers. A Social profile.* USA: Indiana University Press.
- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir. 2013. Hverju skipta sjálfböðaliðar fyrir íslensk félagsamtök. *Tímarit um stjórnmál og stjórnsýslu*, 9, 2, 257-277.
- Putnam, R.D. 2000. *Bowling alone: The collapse and revival of American community.* New York: Simon & Shuster.
- Rochester, C., Paine, A.E., Howlett, S., with Zimmeck, M. 2010. *Volunteering and society in the 21st Century.* UK: Palgrave Macmillan.
- Russell, L. og Scott, D. 1997. *Very active citizens? The Impact of contracts on volunteers.* Manchester: University of Manchester, Department of Social Policy and Social Work.
- Salamon, L.M. og Anheier, H. 1998. *Social origins of civil society: Explaining the nonprofit sector cross nationally.* *Voluntas*, 9, 2, 213-248.
- Salamon, L. M. og Sokolowski, W. 2001. *Volunteering in cross-national perspective: Evidence from 24 countries.* Working papers of the Johns Hopkins Comparative Nonprofit Sector Project no. 40. Baltimore, MD: The Johns Hopkins Center for Civil Society Studies.
- Salamon, L.M., Sokolowski, W. og List, R. 2003. *Global civil society.* Baltimore: John Hopkins University.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir 1994. *Hvers vegna sjálfböðastörf? Um sjálfböðastarf, félagsmálafélag og félagsráðgjöf.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Smith, D. H. 1994. *Determinants of voluntary association participation and volunteering: A Literature review.* *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 23, 3, 243-263.
- Steinunn Hrafnadóttir. 2008. *Frjáls félagsamtök og sjálfböðaliðastörf á Íslandi.* Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir (ritstj.), *Stjórnun og rekstur félagsamtaka* (bls. 21-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Voicu, B. og Voicu, M. 2009. *Volunteers and volunteering in Central and Eastern Europe.* *Sociologia*, 41, 539-563.
- Wilson, J. 2012. *Volunteerism research: A Review essay.* *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 41, 2, 176-212.
- Wilson, J. 2000. *Volunteering.* *Annual Review of Sociology*, 26, 215-240.
- World Values survey. Wave 6 .2010-2014. Official Aggregate, v.20140429. World Values Survey Association (www.worldvaluessurvey.org). Aggregate File Producer: Asep/JDS, Madrid SPAIN.